

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 19. apríl 2022

Mál nr. E-6521/2020:

Arion banki hf.

(*Arnar Þór Stefánsson lögmaður*)

gegn

Seðlabanka Íslands og

Íslenska ríkinu

(*Steinar Þór Guðgeirsson lögmaður*)

Dómur

I

Mál þetta sem var höfðað með stefnu birtri 2. október 2020 var dómtekið 24. mars 2022. Stefnandi er Arion banki hf., Borgartúni 19, Reykjavík, en stefndu eru Seðlabanki Íslands, Kalkofnsvegi 1, Reykjavík, og Íslenska ríkið, Arnarhvoli, Reykjavík.

Stefnandi gerir eftirfarandi dómkröfur á hendur stefndu:

Aðallega, að felld verði úr gildi sú ákvörðun fjármálaeftirlitsnefndar stefnda Seðlabanka Íslands frá 7. júlí 2020 að stefnandi hafi brotið gegn 1. mgr. 122 gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, og að honum hafi verið gert að greiða 87.700.000 krónur í stjórnvaldssekt. Þá er þess krafist að stefndi Íslenska ríkið endurgreiði stefnanda 87.700.000 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 24. ágúst 2020 til málshöfðunardags, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. **Til vara** er þess krafist að ákvörðun fjármálaeftirlitsnefndar stefnda, Seðlabanka Íslands, frá 7. júlí 2020 um að stefnandi skuli greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð 87.700.000 krónur verði felld úr gildi og að stefndi Íslenska ríkið greiði stefnanda sömu fjárhæð með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 24. ágúst 2020 til málshöfðunardags, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. **Til þrautavara** er þess krafist að ákvörðun fjármálaeftirlitsnefndar Seðlabanka Íslands frá 7. júlí 2020 verði breytt á þann veg að ákvörðuð sektarfjárhæð verði lækkuð verulega og að stefndi Íslenska ríkið greiði stefnanda mismun á þeirri fjárhæð sem stefnandi innti af hendi til stefnda Íslenska ríkisins þann 24. ágúst 2020 og hinni lækkuðu sektarfjárhæð með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 24. ágúst 2020 til málshöfðunardags, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefnandi greiðslu málskostnaðar.

Stefndu krefjast sýknu af öllum kröfum stefnanda, auk greiðslu málskostnaðar.

II

Í máli þessu krefst stefnandi ógildingar eða breytingar á ákvörðun Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (hér eftir Fjármálaeftirlitið) frá 7. júlí 2020 um álagningu stjórnvaldssektar vegna meintra brota stefnanda gegn þágildandi 1. mgr. 122. gr. a í lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti sem fólust í því að birta ekki eins fljótt og auðið var innherjaupplýsingar um fyrirhugaðar hagræðingaraðgerðir sem stóðu fyrir dyrum hjá stefnanda í september árið 2019.

Hjá stefnanda er starfræktur svokallaður Information Disclosure Forum-vettvangur eða svokölluð indifo-nefnd sem hefur það hlutverk að veita álit á því hvort tiltekna upplýsingar sem upp kunna að koma í starfsemi stefnanda teljist innherjaupplýsingar í skilningi laga nr. 108/2007 sem stefnanda beri að birta eða fresta birtingu á með heimild í lögum.

Hinn 6. september 2019 var indifo-nefndin kölluð saman vegna fyrirhugaðra skipulagsbreytinga og hópsuppsagna hjá stefnanda. Í fundargerð nefndarinnar kemur fram sú afstaða fundarmanna að umræddar upplýsingar teljist til innherjaupplýsinga. Þá taldi nefndin jafnframt að skilyrði væru fyrir hendi til þess að fresta birtingu þeirra með heimild í 4. mgr. 122. gr. í lögum nr. 108/2007. Í kjölfar fundarins síðar sama dag sendi stefnandi tilkynningu um frestun á birtingu innherjaupplýsinganna ásamt lista yfir tímabundna innherja til Fjármálaeftirlitsins.

Í kjölfar fréttar um fyrirhugaðar skipulagsbreytingar og uppsagnir hjá stefnanda, sem birt var á vefmiðlinum mannlif.is. sunnudagskvöldið 22. september 2019, tók stefndi til athugunar upplýsingagjöf stefnanda samkvæmt fyrrnefndu ákvæði laga nr. 108/2007. Athugun stefnda laut meðal annars að því hvort í frétt Mannlífs hefðu komið fram sambærilegar upplýsingar og þær sem ræddar höfðu verið á fundi stefnanda hinn 6. september 2019 og voru síðan birtar opinberlega af hálfu stefnanda 26. september 2019. Var það niðurstaða stefnda að stefnanda hefði ekki tekist að tryggja trúnað um innherjaupplýsingarnar og hann hefði þannig brotið gegn 1. mgr. 122. gr. laga nr. 108/2007 með því að birta ekki upplýsingarnar eins fljótt og auðið var og á jafnræðisgrundvelli í kjölfar fréttar Mannlífs.

Í umræddri frétt veftímaritsins Mannlífs sem birtist sunnudagskvöldið 22. september 2019 segir svo:

Allt að 80 manns sagt upp hjá Arion banka

Arion banki undirbýr nú umtalsverðar skipulagsbreytingar sem verða kynntar á morgun eða á allra næstu dögum samkvæmt heimildum Mannlífs. Mannlíf hefur heimildir fyrir því að allt að 80 manns verði sagt upp störfum nú fyrir

mánaðarmótin hjá Arion banka og er það liður í yfirlýstri stefnu Benedikts Gíslasonar nýráðins bankastjóra Arion banka að auka arðsemi bankans. Í nýlegu viðtali við Fréttablaðið sagði Benedikt erfitt að horfa framan í hluthafa bankans þegar arðsemin væri undir áhættulausum vöxtum í landinu. „Á hverjum degi höfum við ekki verið að búa til verðmæti fyrir hluthafa heldur rýra þau. Þessu þurfum við að breyta og laga“, sagði hann enn fremur. Þá hefur Benedikt einnig lýst því yfir innan bankans að markmið hans sé ekki að Arion banki verði stærsti bankinn og að arðsemi hluthafa skipti meira mála. Útfærsla skipulagsbreytinganna er nú á lokametrunum og hefur Mannlíf heimildir fyrir því að stefnt sé að því að tilkynna um breytingarnar á morgun, mánudag. Nýtt skipurit mun þá líta dagsins ljós og í kjölfar þess verði ráðist í umfangsmiklar hópuppsagnir þar sem allt að 10 prósent starfsmanna bankans missa vinnuna nú fyrir mánaðarmótin. Samkvæmt heimildum Mannlífs er það þó aðeins fyrsta skefið í umræddum skipulagsbreytingum og talið er að enn fleiri starfsmenn missi vinnuna hjá bankanum á næstu mánuðum. Samkvæmt árskýrslu bankans fyrir árið 2018 er fjöldi stöðugild Arion banka tæplega 800.

Sama kvöld og fréttin birtist var hún rædd símleiðis á vettvangi indifo-nefndarinnar. Þar var komist að þeirri niðurstöðu að um væri að ræða orðróm sem ætti ekki upptök sín að rekja innan stefnanda enda væru upplýsingarnar ekki nægjanlega nákvæmar og vörðuðu ekki innherjaupplýsingarnar, eins og þær væru skilgreindar af nefndinni.

Hinn 23. september 2019 var frétt Mannlífs síðan tekin til formlegrar umræðu á fundi indifo-nefndarinnar og frekara mat lagt á nákvæmni upplýsinganna og hvort leki hefði átt sér stað frá stefnanda. Í fundargerð kemur fram sú afstaða nefndarinnar að bæði upplýsingar um fjölda starfsmanna og dagsetningu uppsagna í frétt Mannlífs hafi verið rangar. Nefndarmenn hafi verið sammála um að um orðróm væri að ræða byggðan á þeim fréttum sem birst höfðu að undanfögnu um væntar skipulagsbreytingar innan stefnanda sem og ummælum bankastjóra stefnanda um lækkun kostnaðar og aukna arðsemi. Voru fundarmenn sammála um að ekki þyrfti að bregðast sérstaklega við frétt Mannlífs.

Hinn 24. september 2019 voru haldnir undirbúningsfundir með því starfsfólki stefnanda sem átti að framkvæma uppsagnirnar. Þann sama dag sendi stefnandi tilkynningu til stefnda Fjármálaeftirlitsins um frekari tímabundna innherja.

Að morgni dags 26. september 2019, fyrir opnun markaða og skömmu áður en uppsagnir hófust, sendi stefnandi tilkynningu til Nasdaq Iceland með fyrirsögninni: *Hagræðing og skipulagsbreytingar sem munu hafa jákvæð áhrif á afkomu bankans* þar sem tilkynnt var um skipulagsbreytingar innan stefnanda og þau fjárhagslegu áhrif á stefnanda sem yrðu þeim samfara. Þá sendi bankastjóri stefnanda tölvuskeyti á alla

starfsmenn stefnanda þar sem þeim var tilkynnt um þær uppsagnir sem ráðast ætti í og upplýsingar um hópuppsagnir voru afhentar Vinnumálastofnun. Að því loknu var tilkynning send stefnda, Seðlabanka Íslands, um brottfall aðila af lista yfir tímabundna innherja.

Fjármálaeftirlitið tók upplýsingagjöf stefnanda til athugunar í tilefni fréttarinnar sem birtist hinn 22. september 2019 um fyrirhugaðar skipulagsbreytingar og uppsagnir hjá stefnanda. Laut athugunin að því hvort í fréttinni fælust sambærilegar upplýsingar og þær sem bankinn frestaði birtingu á hinn 6. september 2019 og voru birtar 26. september s.á. Óskað var eftir gögnum og upplýsingum með bréfi, dags. 8. október 2019. Svar barst frá stefnanda með bréfi, dags. 29. október 2019. Bréfaskipti héldu síðan áfram á milli málsaðila, sbr. bréf Fjármálaeftirlitsins til stefnanda, dags. 6. desember 2019 og 22. apríl 2020, og svarbréf stefnanda, dags. 10. janúar og 18. maí 2020.

Í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um stjórnvaldssekt vegna brota stefnanda sem krafist er ógildingar á er farið yfir þau skilyrði sem þurfa að vera fyrir hendi svo að upplýsingar teljist innherjaupplýsingar í skilningi 120. gr. laga nr. 108/2007. Taldi Fjármálaeftirlitið að þær upplýsingar sem komið hefðu fram í fundargerð indifo-nefndar stefnda hinn 6. september 2019 hefðu verið nægjanlega tilgreindar í skilningi ákvæðisins til þess að fjárfestar myndu nýta þær við mat á fjárfestingarákvörðun sinni. Vísaði fjármálaeftirlitið einkum til upplýsinga sem þar komu fram um að miklar skipulagsbreytingar stæðu fyrir dyrum, að skipulagsbreytingarnar væru umfangsmiklar, að áætlaður fjöldi uppsagna væri 80–100 starfsmenn, um væri að ræða nauðsynlegt skref til að draga úr kostnaði, áætlaður sparnaður væri um einn og hálfur milljarður króna á ársgrundvelli og að það hefði verið niðurstaða fundarins að umræddar upplýsingar væru svo þýðingarmiklar að þær teldust til innherjaupplýsinga. Taldi stefndi að ráða mætti af fundargerðinni að greindar upplýsingar væru nægjanlega nákvæmar til að unnt hefði verið að draga ályktun um möguleg áhrif þeirra á verð hlutabréfa í stefnanda þar sem upplýsingarnar lytu að lykiltölum í rekstri bankans. Þá taldi stefndi að þær upplýsingar sem komið hefðu fram í fundargerðinni væru líklegar til að hafa marktæk áhrif á verð hlutabréfa í stefnanda.

Um birtingu upplýsinganna og um skilyrði fyrir frestun birtingar þeirra tók Fjármálaeftirlitið fram að skilyrði 4. mgr. 122. gr. laga nr. 108/2007 fyrir frestun birtingar þeirra í kjölfar fundarins 6. september 2019 hefðu verið uppfyllt, hins vegar yrði að taka til skoðunar hvort skilyrði um trúnað hefði verið uppfyllt eftir að Mannlíf birti frétt sína að kvöldi 22. september 2019. Við mat á því yrði að horfa heildrænt á þær upplýsingar sem komið hefðu fram í frétt Mannlífs og meta hvort þær samrýmdust þeim innherjaupplýsingum sem bankinn hefði frestað birtingu á. Taldi Fjármálaeftirlitið að við samanburð á milli fréttarinnar og þeirra upplýsinga sem stefnandi hefði ákveðið að fresta birtingu á mætti sjá töluverð líkindi sem nánar voru rakin í ákvörðun stefnda. Taldi

eftirlitið að þrátt fyrir að fréttin hefði ekki reynst rétt um ákveðna þætti, eins og þá að stefnt væri að því að tilkynna um uppsagnirnar mánudaginn 23. september 2019, að frekari uppsagnir væru í farvatninu og um nákvæman fjölda starfsmanna sem segja ætti upp, þá breytti það ekki eðli upplýsinganna eða heildarmynd málsins. Að mati eftirlitsins hefði fréttin í megindráttum verið í samræmi við þær innherjaupplýsingar sem stefnandi hefði ákveðið að fresta birtingu á hinn 6. september 2019. Það væri því niðurstaða Fjármálaeftirlitsins að upplýsingarnar í frétt Mannlífs um að umfangsmikil hópuppsögn væri í farvatninu væru einar og sér nægilega tilgreindar upplýsingar og að þær upplýsingar hefðu verið líklegar til að hafa marktæk áhrif á markaðsvirði hlutabréfa í stefnanda, hvort heldur um 80 eða 120 starfsmenn væri að ræða. Komst Fjármálaeftirlitið að þeirri niðurstöðu að eftir að fréttin birtist hinn 22. september 2019 þá hefði stefnandi ekki getað tryggt trúnað um innherjaupplýsingarnar sem hann hafði frestað birtingu á hinn 6. september 2019 og frá þeim tíma hefðu skilyrði 4. mgr. 122. gr. laga nr. 108/2007 ekki lengur verið uppfyllt. Sú ákvörðun að birta á þeim tíma ekki innherjaupplýsingarnar í samræmi við 1. mgr. 122. gr. laganna hefði verið líkleg til að villa um fyrir almenningi. Taldi Fjármálaeftirlitið að mikið vantaði upp á að stefnandi uppfyllti skyldu sína samkvæmt ákvæðinu. Vegna þess að upplýsingarnar voru ekki birtar eins fljótt og auðið var eftir að ljóst var að ekki hefði verið unnt að tryggja trúnað hefðu fjárfestar „með réttu getað gert ráð fyrir að frétt Mannlífs væri orðrómur sem ætti ekki við rök að styðjast“. Við ákvörðun sektarfjárhæðar tekur stefndi fram að litið hafi verið til þess að stefnanda hafi borið að tryggja tafarlausa birtingu á innherjaupplýsingunum þegar ekki hafi lengur verið unnt að tryggja trúnað um þær. Einnig hafi verið litið til þess að brot stefnanda hefði staðið í fjóra daga auk þess sem stefnandi hefði tvívegis á liðnum fimm árum þar á undan gerst sekur um brot á lögnum sem hefði lokið með álagningu stjórnvaldssekta.

Við aðalmeðferð málsins gáfu aðilaskýrslur, Benedikt Gíslason, bankastjóri stefnanda, og Gunnar Sturluson, stjórnarmaður í stefnanda. Skýrslu vitna gáfu Helga Halldórsdóttir, forstöðumaður mannauðs, Haraldur Guðni Eiðsson, forstöðumaður samskiptasviðs, Hákon Már Pétursson regluvörður og Guðmundur Thorlacius lögfræðingur, öll starfsmenn stefnanda, og Stefán Pétursson, fyrrverandi fjármálastjóri stefnanda.

III

1. Helstu málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi byggir á því að forsendur stefnda sem lagðar voru til grundvallar ákvörðun hans hafi verið rangar og að stefnanda hafi ekki borið skylda til að bregðast við frétt Mannlífs og birta þær innherjaupplýsingar sem stefnandi hafði frestað birtingu á eftir að fréttin birtist.

Stefnandi byggir í fyrsta lagi á því að innherjaupplýsingarnar sem stefnandi frestaði birtingu á hafi ekki birst í frétt Mannlífs 22. september 2019. Þær upplýsingar sem fram komu í fréttinni hafi þannig ekki beinlínis tengst innherjaupplýsingunum. Bendir

stefnandi á í því sambandi að þau jákvæðu fjárhagslegu áhrif sem skipulagsbreytingarnar kæmu til með að hafa á afkomu stefnanda hafi ekki komið fram í fréttinni, en það hafi verið hið raunverulega inntak þeirra innherjaupplýsinga sem frestað var birtingu á. Skipulagsbreytingar með uppsögn starfsfólks hafi að mati stefnanda ekki verið inntak innherjaupplýsinganna sem stefnandi frestaði birtingu á. Upplýsingar stefnanda um fjöldauppsagnir hafi einnig verið allt of almennar, m.a. vegna þess að ekki hafi verið minnst á samsetningu starfsmanna sem segja átti upp. Þá hafi fréttin sem birtist á vefmiðlinum verið byggð á eldri fréttum og orðrómi á markaði allt árið 2019 um mögulegar uppsagnir hjá stefnanda og þær því í reynd verið opinberar. Slíkar upplýsingar geti ekki talist nægjanlega tilgreindar. Þá hafi upplýsingarnar ekki verið líklegar til að hafa marktæk áhrif á verð hlutabréfa í stefnanda auk þess sem frétt Mannlífs hafi engin áhrif haft á hlutabréfaverð stefnanda.

Í öðru lagi er á því byggt að frétt Mannlífs hafi ekki verið nægjanlega nákvæm til að gefa til kynna leka og stefnanda hafi verið óskýlt að bregðast við fréttinni.

Stefnandi byggir á því að skylda til að bregðast við frétt eða orðrómi sem tengist innherjaupplýsingum sem ákveðið hefur verið að fresta birtingu á verði t.d. ekki virk nema sannað sé að innherjaupplýsingarnar hafi lekið frá útgefanda sjálfum. Vísar stefnandi m.a. til 7. töluliðar 17. gr. reglugerðar ESB nr. 596/2014 (sem leysti af hólmi tilskipun 2003/6/EB) þar sem tekið hafi verið sérstaklega upp í texta reglugerðarinnar að útgefanda beri að bregðast við orðrómi á markaði sem varði innherjaupplýsingar sem hann hafi ákveðið að fresta birtingu á að því skilyrði uppfylltu að orðrómurinn sé nægjanlega nákvæmur. Sambærilegt ákvæði hafi ekki verið í tilskipun 2003/6/EB sem ákvæði 122. gr. laga nr. 108/2007 byggist á. Ef útgefanda hefði borið skylda til að bregðast við með sambærilegum hætti samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar og mælt sé fyrir um í reglugerð nr. 596/2014 hefði engin þörf verið á því að gera umrædda breytingu og tiltaka skyldu útgefanda sérstaklega í leiðbeiningum evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsins. Enda hafi verið viðurkennt í Evrópu fyrir setningu reglugerðar nr. 596/2014 að útgefendur gætu neitað að bregðast við fréttum eða orðrómi þegar ljóst væri að upplýsingarnar í þeim ættu ekki rætur að rekja til þeirra sjálfra. Þá bendi stefnandi á að tilskipun 596/2014 hafi ekki verið innleidd í íslenskan rétt. Er á því byggt að engar upplýsingar hafi lekið frá stefnanda og þegar af þeirri ástæðu hafi stefnanda ekki verið skylt að lögum að bregðast við frétt Mannlífs og birta þær innherjaupplýsingar sem áður hafði verið frestað birtingu á.

Stefnandi byggir á því að frétt eða orðrómur verði ekki talinn nægjanlega nákvæmur nema hann snerti afdráttarlaust þær innherjaupplýsingar sem frestað hafi verið birtingu á með mjög nákvæmum hætti og að sannað sé með óyggjandi hætti að leki hafi átt sér stað.

Við mat á því hvort upplýsingar í frétt Mannlífs hafi verið nægjanlega nákvæmar telur stefnandi að í fyrsta lagi verði að líta til þess að raunverulegt inntak innherjaupplýsinganna hafi ekki verið birt í fréttinni. Í öðru lagi liggja fyrir að fréttin hafi verið röng um ýmis atriði, svo sem um fjölda starfsmanna sem segja átti upp, um tímasetningu skipulagsbreytinganna og að um fyrsta skref í skipulagsbreytingum væri að ræða. Í þriðja lagi verði við mat á nákvæmi fréttarinnar að líta til opinberrar stefnu stefnanda um að lækka kostnaðarhlutfall sitt og í fjórða lagi hafi stefnandi gert allt sem unnt var til að tryggja trúnað um innherjaupplýsingarnar. Í fimmta lagi verði að taka mið af því hvaða áhrif fréttin hafði á markaðsaðila og loks hafi stefndi ekkert lagt fram sem sýni fram á leka frá stefnanda. Sönnunarbyrði um þetta hvíli á stefnda. Að öllu virtu hafi upplýsingar í frétt Mannlífs langt í frá verið nægjanlega nákvæmar.

Í þriðja lagi er á því byggt að skilyrði 4. mgr. 122. gr. laga nr. 108/2007 hafi áfram verið uppfyllt eftir frétt Mannlífs. Stefnandi hafi í kjölfar fréttarinnar áfram haft lögmæta hagsmuni af því að birtingu innherjaupplýsinganna yrði frestað í því skyni að vernda hagsmuni hans þannig að ljúka mætti skipulagsbreytingum. Stefnandi hefði annars orðið óstarfhæfur vegna óróa starfslíðsins með tilheyrandi hættu á mistökum og tjóni.

Vara- og þrautavarakröfur eru á því byggðar að hvorki hafi verið gætt meðalhófs né jafnræðis við ákvörðun um sektarfjárhæð. Umfjöllun Mannlífs hafi ekki haft áhrif á gengi hlutabréfa í stefnanda. Hún hafi hvorki leitt til ávinnings né komið í veg fyrir tap í starfsemi stefnanda. Honum hafi tekist að tryggja trúnað þar til hinar eiginlegu innherjaupplýsingar voru birtar 26. september 2019.

Stefnandi bendir á að í forsendum sektarfjárhæðar í stjórnvaldsákvörðun stefnda komi fram að stefnandi hafi tvívegis á síðustu fimm árum gerst sekur um brot á ákvæðum laga nr. 108/2007 sem lokið hafi verið með álagningu stjórnvaldssekta af hálfu stefnda Seðlabanka Íslands. Þessari forsendu sé mótmælt. Stefnandi hafi aldrei gerst brotlegur við þær reglur sem gilda um hann sem útgefanda fjármálagerninga á skipulegum verðbréfamarkaði samkvæmt lögum nr. 108/2007. Á hinn bóginn hafi stefnandi fengið stjórnvaldssekt vegna brots á 123. gr. laga nr. 108/2007 hinn 4. desember 2015 vegna atvika sem áttu sér stað í febrúar 2014, þ.e. meira en fimm árum fyrir atvik þessa máls. Þá hafi stefnandi gert sátt við stefnda Seðlabanka Íslands vegna meintra brota á reglum um fjárfestavernd tengdum verðbréfaþjónustu hinn 17. desember 2019 þannig að í því tilviki hafi ekki verið um að ræða stjórnvaldssekt svo sem lagt sé til grundvallar í forsendum stefnda. Þessar röngu forsendur stefnda Seðlabanka Íslands leiði til þess að sektarfjárhæðin fái ekki staðist. Til viðbótar við framangreinda efnislega meinbugi þá hafi stefnandi ekki notið andmælaréttar vegna þessara forsendna stefnda og formreglum hafi því ekki heldur verið fylgt við álagningu sektarinnar. Beri því að fella úr gildi eða í öllu falli lækka sektarfjárhæðina.

Í ákvörðun um sektarfjárhæð komi einnig fram að tekið hafi verið mið af því að brot stefnanda hafi staðið yfir í fjóra daga. Einn dagur jafngildi tuttugu og fjórum klukkustundum og því teljist fjórir dagar vera níutíu og sex klukkustundir. Stefnandi vill árétta að meint brot hafi ekki staðið yfir jafn lengi og stefndi haldi fram. Frétt Mannlífs hafi verið birt kl. 18:27 að kvöldi þann 22. september 2019, á meðan fréttatilkynning stefnanda birtist kl. 09:03 að morgni 26. september 2019. Á milli birtingar fréttar Mannlífs og tilkynningar stefnanda hafi því liðið rúmlega þrjár og hálfur dagur, nánar tiltekið áttatíu og sex klukkustundir og þrjátíu og sex mínútur, ekki níutíu og sex klukkustundir, eins og stefndi lagði til grundvallar við ákvörðun sektarfjárhæðarinnar. Beri því að lækka fjárhæðina með vísan til þessa, sbr. b-lið 4. mgr. 141. gr. laga nr. 108/2007.

2. Helstu málsástæður og lagarök stefnda, Fjármálaeftirlitsins

Stefndi byggir á því að skylda til að birta innherjaupplýsingar, þegar birtingu þeirra hefur verið frestað skv. 4. mgr. 122. gr. laga nr. 108/2007, virkist þegar upplýsingar birtast opinberlega sem tengjast beinlínis innherjaupplýsingunum og þær upplýsingar sem hafa verið birtar eru nægjanlega nákvæmar og af því leiðir að trúnaður um innherjaupplýsingar sé ekki lengur tryggður.

Stefndi tekur fram að um frestun á birtingu innherjaupplýsinga gildi mjög ströng skilyrði sem öll þurfi að vera uppfyllt í upphafi þegar heimild til frestunar er nýtt og í framhaldinu á meðan frestun standi yfir. Frestun birtingar innherjaupplýsinga sé alltaf á ábyrgð útgefandans sjálfs enda um að ræða undantekningu frá meginreglunni um birtingu innherjaupplýsinga. Stefndi dragi ekki í efa að ákvörðun stefnanda um að fresta birtingu á innherjaupplýsingum í upphafi hafi verið í samræmi við ákvæði laga. Á stefnanda hafi hins vegar hvílt rík lagaskylda til að tryggja trúnað um innherjaupplýsingarnar þegar hann nýtti sér undantekninguna og þegar skilyrði frestunar voru ekki lengur fyrir hendi, en þá hafi honum borið að birta þær upplýsingar eins fljótt og auðið var.

Stefndi bendir á að í fundargerð indifo-nefndarinnar hafi komið fram þær innherjaupplýsingar sem stefnandi frestaði birtingu á hinn 6. september 2019. Við birtingu fréttar Mannlífs hinn 22. september 2019, þar sem fram komu upplýsingar sem tengdust beinlínis þeim innherjaupplýsingum, hafi stefnanda mátt vera ljóst að skyldan til birtingar innherjaupplýsinganna virkjaðist. Upplýsingarnar sem birtust í frétt Mannlífs voru að mati stefnda nægjanlega nákvæmar þannig að trúnaður um innherjaupplýsingarnar hafi ekki verið lengur tryggður og því ekki lengur fyrir hendi skilyrði fyrir frestun á birtingu þeirra. Stefnandi hafi hins vegar ekki birt innherjaupplýsingarnar fyrr en hinn 26. september 2019, eða fjórum dögum eftir að frétt Mannlífs var birt. Innherjaupplýsingarnar hafi því ekki verið birtar eins fljótt og auðið var. Þessar tafir á birtingu innherjaupplýsinganna hafi því verið

líklegar til að villa um fyrir almenningi. Með því hafi stefnandi brotið gegn 1. mgr. 122. gr. laga nr. 108/2007 enda svigrúm stefnanda mjög takmarkað við þessar aðstæður.

Stefndi bendi á að í húfi séu grundvallarmarkmið verðbréfavíðskiptalaganna á borð við meginregluna um jafnræði fjárfesta og trúverðugleika markaðarins. Stefnanda, sem hafi fengið hluti sína tekna til víðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, beri að þekkja og framfylgja þeim lögum og reglum sem gildi um hegðun hans á verðbréfamarkaði. Að mati stefnda hafi mikið vantað upp á að stefnandi virti þá skyldu sem á honum hvíldi að birta umræddar innherjaupplýsingar eins fljótt og auðið var eftir að ljóst var að stefnanda hefði ekki tekist að gæta trúnaðar um þær upplýsingar. Með því að birta ekki innherjaupplýsingarnar eins fljótt og auðið var hafi stefnandi brotið gegn þeirri lagaskyldu að upplýsa markaðinn um verðmótandi upplýsingar eins fljótt og auðið var og hann hafi vegna þess sætt viðurlögum í samræmi við heimildir stefnda.

Stefnandi byggir á því að þær upplýsingar sem komu fram í fundargerð indifo-nefndar stefnda hinn 6. september 2019 hafi verið nægjanlega tilgreindar í skilningi 120. gr. laga nr. 108/2007 og 2. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 630/2005. Hugtakið vísi samkvæmt almenntri orðskýringu til þess að upplýsingar feli í sér nægjanlega vissu og breytingu frá ríkjandi ástandi til að ætla megi að fjárfestar myndu nýta sér þær við mat á fjárfestingarákvörðun sinni. Er það mat stefnda að það eitt og sér að til stóð að fara í miklar og verulegar skipulagsbreytingar með umtalsverðri fækkun á starfsfólki, sem nema hafi átt 80–100 starfsmönnum, á næstu vikum, teljist nægjanlega tilgreindar upplýsingar í skilningi 120. gr. laga nr. 108/2007 og 2. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 630/2005. Stefndi byggir á því að þær upplýsingar sem komu fram í fundargerð indifo-nefndar stefnanda hafi verið líklegar til að hafa marktæk áhrif á markaðsverð hlutabréfa í stefnanda enda um umfangsmiklar breytingar á lykilstærðum í rekstri bankans að ræða. Laun og launatengd gjöld séu stærsti einstaki kostnaðarliðurinn í rekstrarreikningi stefnanda og hafi þar af leiðandi mjög mikil áhrif á afkomu bankans. Upplýsingar um fjölda stöðugilda og launakostnað stefnanda hafi verið aðgengilegar í árs- og árshlutauppgjörum bankans sem höfðu verið birt almenningi í samræmi við skyldur útgefanda til reglulegrar upplýsingagjafar. Um lykilupplýsingar sé ræða við mat á verðmæti hlutabréfa í stefnanda og þær upplýsingar séu bersýnilega þess eðlis að líkur séu á að upplýstur fjárfestir noti þær við mat sitt á fjárfestingaákvörðun sinni.

Stefndi hafnar þeim málatilbúnaði stefnanda að umræddar upplýsingar um umfangsmiklar skipulagsbreytingar og verulegar uppsagnir starfsmanna stefnanda hafi í raun verið opinberar þegar frétt Mannlífs birtist enda styðjist sá málatilbúnaður hvorki við gögn málsins né ákvæði laga um skyldur stefnanda. Stefndi byggir á því að upplýsingarnar hafi ekki verið birtar opinberlega fyrr en kl. 9.03 hinn 26. september 2019 með tilkynningu stefnanda í kauphöll.

Skyldan til að birta innherjaupplýsingar, þegar birtingu þeirra hefur verið frestað skv. 4. mgr. 122. gr. laga nr. 108/2007, virkist þegar upplýsingarnar sem tengjast beinlínis

innherjaupplýsingunum birtast opinberlega og þær upplýsingar sem hafa verið birtar eru nægjanlega nákvæmar til að sýna að leki innherjaupplýsinganna hafi átt sér stað og þar af leiðandi að trúnaður um innherjaupplýsingar sé ekki lengur tryggður. Að mati stefnda hafi skilyrði fyrir frestun stefnanda á birtingu innherjaupplýsinga ekki lengur verið fyrir hendi þegar Mannlíf hafði birt frétt sína hinn 22. september 2019. Þar sem stefnandi hafi ekki birt innherjaupplýsingarnar eins fljótt og auðið var í kjölfar fréttarinnar hafi hann þar með brotið gegn 1. mgr. 122. gr. laga nr. 108/2007 enda hafi tafir á birtingu innherjaupplýsinganna verið líklegar til að villa um fyrir almenningi.

Stefndi byggir á því að trúnaður um innherjaupplýsingarnar hafi ekki verið tryggður. Við mat á því beri að horfa heildrænt á þær upplýsingar sem komu fram í frétt Mannlífs og meta hvort þær samræmist þeim innherjaupplýsingum sem stefnandi hafði frestað birtingu á. Þegar bornar séu saman þær upplýsingar sem komu fram í frétt Mannlífs og innherjaupplýsingarnar sem stefnandi frestaði birtingu á verði ekki annað séð en að þær uppfylli að öllu leyti það skilyrði að vera *nægjanlega* nákvæmar og þar af leiðandi að *trúnaður um innherjaupplýsingarnar hafi ekki lengur verið tryggður*. Fréttin hafi verið nægjanlega nákvæm og því hafi trúnaður ekki verið tryggður. Þá hafi fréttin í öllum meginatriðum verið rétt.

Stefndi taki fram að uppsagnir hafi staðið fyrir dyrum hjá stefnanda. Þær upplýsingar í frétt Mannlífs að heimildir séu fyrir því að *allt að 80* manns verði sagt upp störfum, að *nýtt skipurit* muni líta dagsins ljós og í kjölfar þess verði ráðist í *umfangsmiklar hópuppsagnir* þar sem *allt að 10 prósent* starfsmanna bankans missi vinnu og að samkvæmt ársskýrslu stefnanda fyrir árið 2018 sé fjöldi stöðugilda hjá stefnanda *tæplega 800* séu augljóslega nægjanlega nákvæmar. Fram komi sami fjöldi, þ.e. 80, og tiltekinn hafi verið í fundargerð indifo-nefndar stefnanda 6. september 2019 þar sem fram kom að 80–100 starfsmönnum yrði sagt upp. Jafnframt sé talan 80 ekki langt frá endanlegum fjölda þeirra starfsmanna sem átti að segja upp og kom fram í tilkynningu stefnanda um innherjaupplýsingarnar hinn 26. september 2019 en þar segi að starfsfólki stefnanda muni fækka um 12% eða um eitt hundrað.

Þá kemur fram í fréttinni sem birtist hinn 22. september 2019 að stefnandi undirbúi nú umtalsverðar skipulagsbreytingar sem verði kynntar á *morgun eða á allra næstu dögum* samkvæmt heimildum Mannlífs, að 80 manns verði sagt upp nú fyrir *mánaðamót*, að útfærslan á skipulagsbreytingunum sé nú *á lokametrunum* og samkvæmt heimildum blaðsins sé *stefnt* að því að tilkynna um breytingarnar á *morgun* og að nýtt skipurit muni þá líta dagsins ljós og ráðist verði í umfangsmiklar hópuppsagnir nú *fyrir mánaðamót*. Liggi ljóst fyrir að tímasetningar fréttarinnar rúmist vel innan orðalags fundargerðar indifo-nefndar stefnanda frá 6. september 2019, en þar segi að áætlaðar skipulagsbreytingar muni eiga sér stað á komandi vikum. Innherjaupplýsingarnar um skipulagsbreytingarnar voru

birtar af stefnanda hinn 26. september 2019 og augljóst megi vera að það rúmist allt innan þeirra tímamarka sem getið sé í fréttinni.

Fullyrðingar stefnanda um að hann hafi gripið til allra þeirra ráðstafana sem mælt sé fyrir um í lögum, reglugerð og reglum sem ætlað er að tryggja trúnað standist ekki skoðun að mati stefnda. Augljóst sé að innherjaupplýsingarnar komu fram í frétt Mannlífs og því hafi fullyrðingar stefnanda um að hann hafi farið eftir ákvæðum laga og reglna enga þýðingu í málinu. Slíkar ósannaðar fullyrðingar hafi því engin áhrif á mat á því hvort fréttin hafi verið nægjanlega nákvæm enda tali staðreyndir málsins sínu máli.

Varðandi þau rök stefnanda að frétt Mannlífs hafi ekki haft áhrif á gengi hlutabréfa stefnanda bendir stefndi á þá staðreynd að nóg sé að innherjaupplýsingarnar séu líklegar til að hafa marktæk áhrif á markaðsverð, sbr. skýrt orðalag 120. gr. laga nr. 108/2007. Stefndi hafnar því að hann hafi ekkert lagt fram sem sýni fram á eða gefi til kynna að leki hafi átt sér stað frá stefnanda eins og fullyrt sé í stefnu. Lítið sé þó útskýrt í hverju frekari rannsókn stefnda hefði átt að felast enda liggja málsatvik og öll gögn málsins fyrir. Birting fréttar Mannlífs liggja fyrir og út frá þeim upplýsingum sem þar komu fram og með samanburði á innherjaupplýsingum sem lágu fyrir hjá stefnanda, og liggja skýrt fyrir í málinu, hafi stefndi komist að þeirri niðurstöðu að stefnandi hefði brotið gegn ákvæðum laga með því að birta innherjaupplýsingarnar ekki eins fljótt og auðið var. Þessi málsástæða sé því haldlaus enda snúist ágreiningur aðila um efnisatriði og lagalega túlkun.

Stefndi mótmælir því að rannsókn málsins hafi ekki verið í samræmi við lög og meginreglur stjórnsluréttar. Þá er því hafnað að ekki hafi verið gætt meðalhófs við rannsókn málsins.

Um vara- og þrautakröfu stefnanda tekur stefndi fram að stefndi hafi skýra heimild til að leggja á stjórnvaldssekt á hvern þann sem brýtur gegn 122. gr. laga nr. 108/2007, sbr. 36. tölul. 1. mgr. 141. gr. sömu laga, hvort sem brotið sé framið af gáleysi eða ásetningi, sbr. 6. mgr. sama ákvæðis. Sjóarmið við ákvörðun sekta séu rakin í 4. mgr. sömu lagagreinar þar sem fram komi atvik sem máli skipta. Ákvörðun sekta byggist á heildarmati allra þátta sem málefnalegt sé að horfa til í viðkomandi máli, þar á meðal þeirra sem tilgreindir séu í ákvæðinu. Innan þeirra sektarmarka sem 3. mgr. 141. gr. setur og meginreglna stjórnsluréttar hafi stefndi fullt svigrúm til að meta hversu háar stjórnvaldssektir skuli lagðar á með hliðsjón af atvikum hvers máls. Samkvæmt fyrrgreindum ákvæðum hafi stefndi rúmt mat um fjárhæð sekta sem byggist á ýmsum forsendum, t.d. alvarleika og tímalengd brots, fjárhagsstöðu hins brotlega, samstarfsvilja, sem og hvort um ítrekun sé að ræða. Stefnda sé jafnframt heimilt að beita öðrum málefnalegum sjónarmiðum við viðurlagaákvæðanir en heildarmat ráði ávallt niðurstöðu um sektarfjárhæð.

Í VII. kafla ákvörðunar stefnda um sektarfjárhæð séu rakin þau sjónarmið sem stefndi hafi horft til við ákvörðun sektarfjárhæðar. Hafi verið litið til þess að markmið reglna

um upplýsingaskyldu útgefanda sé ein af grundvallarstoðum heilbrigðs og virks fjármálamarkaðar, en reglum um meðferð innherjaupplýsinga sé ætlað að treysta gagnsæi markaðar, jafnræði fjárfesta og heiðarleika í verðbrefaviðskiptum. Ábyrgð útgefanda við frestun á birtingu innherjaupplýsinga sé mikil og endurspeglar ábyrgðin í sektarfjárhæðum sem lagðar eru á vegna slíkra brota. Við ákvörðun sektarfjárhæðarinnar hafi einnig verið tekið mið af því að brot stefnanda hafi staðið í fjóra daga og að stefnandi hafi tvívegis á síðustu fimm árum gerst sekur um brot á ákvæðum laga nr. 108/2007 sem lyktaði með álagningu stjórnvaldssekta af hálfu stefnda. Jafnframt hafi verið höfð hliðsjón af veltu stefnanda, eðli og umfangi brotsins og atvikum máls að öðru leyti við ákvörðun sektarfjárhæðar. Stefndi telji öll þessi sjónarmið fyllilega lögmæt.

Sektir sem lagðar séu á lögaðila geti numið frá 500 þúsund krónum til 800 milljóna króna en geti þó verið hærri, eða allt að 10% af heildarveltu samkvæmt síðasta samþykktu ársreikningi lögaðilans eða 10% af síðasta samþykktu samstæðureikningi, að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum, sbr. 3. mgr. 141. gr. laga nr. 108/2007. Við gildistöku laga nr. 58/2015 hafi fjárhæðir stjórnvaldssekta verið hækkaðar umtalsvert auk þess sem heimilt sé að miða fjárhæð við allt að 10 % af heildarveltu lögaðila, með hliðsjón af tilskipun 2014/65/ESB sem kveður á um veltutengingu sekta. Þeirri breytingu sem gerð var á sektarákvæðum 141. gr. laga nr. 108/2007 með 13. gr. laga nr. 58/2015, um breytingar á lagaákvæðum um viðurlög við brotum á fjármálamarkaði o.fl., þar með talin hækkun sektarmarkna, hafi samkvæmt því sem fram komi í lögskýringargögnum gagnert verið ætlað að efla varnaðaráhrif við brotum á fjármálamarkaði. Einnig sé heimilt, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, að ákvarða sekt sem nemi tvöfaldri þeirri fjárhæð sem fjárhagslegur ávinningur hins brotlega nemur, sbr. lokamásl. 141. gr. laga nr. 108/2007. Sektarfjárhæð í málinu hafi verið ákveðin 87.700.000 krónur að teknu tilliti til allra atvika sem máli skipti og rakið sé í ákvörðun stefnda. Til samanburðar nemi sú fjárhæð um 0,185% af heildarveltu samkvæmt síðasta samþykktu ársreikningi stefnanda fyrir rekstrarárið 2019. Einnig megi benda á að handbært fé stefnanda í árslok 2019 nam 101.787.000.000 kr. og nemi því sektarfjárhæð ekki nema 0,086% sem hlutfalli af handbæru fé. Af þessu verði séð að hin ákvarðaða sektarfjárhæð sé alls ekki úr hófi.

Stefndi hafni málsástæðum stefnanda um lækkun sektarinnar. Tekur stefndi fram að stefnandi hafi tvívegis á síðustu fimm árum gerst sekur um brot á ákvæðum laga nr. 108/2007. sem hafi lokið með álagningu stjórnvaldssekta, sbr. ákvörðun um stjórnvaldssekt, dags. 20. nóvember 2015, og samkomulag um að ljúka máli með sátt, dags. 14. nóvember 2019, vegna brota stefnanda. Séu mótmæli stefnanda því haldlaus. Jafnframt hafi útreikningar stefnanda á klukkustundum í stað daga varðandi tímalengd brota hans ekkert gildi enda hafi þessar upplýsingar legið skýrlega fyrir við ákvörðun sektarfjárhæðar stefnda.

Sektarfjárhæðin hafi verið ákveðin á grundvelli heildarmats á öllum atvikum málsins, svo sem rakið var ítarlega í ákvörðuninni, sem hafi verið vel innan þess svigrúms

sem stefndi hafi lögum samkvæmt og byggst á málefnalegum og lögmætum sjónarmiðum og þar af leiðandi hafi verið gætt meðalhófs og jafnræðis við ákvörðun sektarfjárhæðar.

3. Helstu málsástæður og lagarök stefnda, íslenska ríkisins.

Að mati stefnda þá leiði af eðli máls að stefndi íslenska ríkið sé sýkn af endurgreiðslukröfu stefnanda við sýknu stefnda Seðlabanka Íslands í málinu. Að mati stefnda sé með öllu þarfalaust að stefna íslenska ríkinu til varnar í málinu enda leiði endurgreiðslukrafan beinlínis af lögum ef fallist verður á kröfu stefnanda um ógildingu eða breytingu ákvörðunar þar sem kveðið hefur verið á um fjárgreiðslu. Stefndi vísar til dóms Hæstaréttar í máli nr. 40/2019, þar sem reyndi á sambærilegt álitaefni. Þar sem málsóknin á hendur stefnda íslenska ríkinu sé þarflaus ætti að vísa kröfum á hendur íslenska ríkinu frá dómi án kröfu. Að öllu jöfnu ætti að taka tillit til þessa atriðis við ákvörðun málskostnaðar.

Stefndi íslenska ríkið mótmælir vaxtakröfum stefnanda þar sem hann krefst vaxta á grundvelli 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 24. ágúst 2020 til málshöfðunardags enda engin heimild fyrir slíku í lögum.

IV

Ágreiningur aðila lýtur að þeirri ákvörðun Fjármálaeftirlits stefnda, Seðlabanka Íslands, frá 7. júlí 2020 að gera stefnanda sekt að fjárhæð 87.700.000 krónur vegna brots á 1. mgr. 122. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti (nú lög nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga). Byggðist sú ákvörðun á því að stefnandi hefði hinn 6. september 2019 búið yfir innherjaupplýsingum í skilningi 120. gr. laganna sem borið hefði að tilkynna um eins fljótt og auðið var almenningi á Evrópska efnahagssvæðinu og á jafnræðisgrundvelli, svo sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 122. gr. laganna, þegar eftir að vefmiðillinn Mannlíf birti frétt að kvöldi 22. september 2019 um þær upplýsingar sem stefnandi hafði frestað birtingu á.

Þær innherjaupplýsingar sem stefnandi hafði frestað að birta lutu að fyrirhuguðum hagræðingaraðgerðum og skipulagsbreytingum sem stóðu fyrir dyrum hjá stefnanda í september árið 2019 og fólu m.a. í sér uppsögn fjölda starfsmanna hjá stefnanda. Taldi Fjármálaeftirlitið að stefnanda hefði ekki tekist að tryggja trúnað um þær upplýsingar og með því að birta þær ekki eins fljótt og auðið var á jafnræðisgrundvelli eftir birtingu fréttar Mannlífs hinn 22. september 2019 hefði hann með því brotið gegn 1. mgr. 122. gr. laga nr. 108/2007. Í umræddri frétt Mannlífs kom m.a. fram í fyrirsögn að gert væri ráð fyrir að 80 manns yrði sagt upp hjá Arion banka „á morgun eða á allra næstu dögum“ stefnt væri að tilkynningu um breytingarnar á morgun og ráðist yrði í umfangsmiklar hópuppsagnir þar sem allt að 10 prósent starfsmanna bankans myndu missa vinnuna.

Að morgni 26. september 2019 sendi stefnandi tilkynningu til Nasdaq Iceland með fyrirsögninni: „Hagræðing og skipulagsbreytingar sem munu hafa jákvæð áhrif á afkomu bankans“ þar sem tilkynnt var um skipulagsbreytingar hjá stefnanda og þau fjárhagslegu áhrif sem þær myndu hafa á stefnanda. Þá sendi bankastjóri stefnanda tölvuskeyti á alla starfsmenn stefnanda þar sem þeim var tilkynnt um uppsagnir sem ráðast ætti í. Fékk 101 starfsmaður uppsagnarbréf þennan dag.

Stefnandi höfðar málið aðallega til ógildingar á ákvörðun Fjármálaeftirlitsins og endurgreiðslu sektarinnar. Í varakröfum stefnanda er þess krafist að stjórnvaldssektin verði felld úr gildi eða lækkuð.

Stefnandi byggir á því að innherjaupplýsingarnar sem hann frestaði birtingu á hinn 6. september 2019 hafi ekki verið þær sömu og komu fram í frétt Mannlífs og að fréttin hafi auk þess ekki verið nægjanlega nákvæm til að gefa til kynna leka frá stefnanda um upplýsingar sem máli skiptu. Stefnanda hafi því ekki borið að bregðast við henni með birtingu innherjaupplýsinganna sem hann hafði frestað birtingu á og skilyrði 4. mgr. 122. gr. laga nr. 108/2007 hafi því áfram verið uppfyllt eftir birtingu fréttarinnar.

Fjármálaeftirlitið hafnar öllum málsástæðum stefnanda og byggir á því að stefnanda hafi hvílt rík lagaskylda til að tryggja trúnað um innherjaupplýsingarnar þegar hann ákvað að nýta sér undantekningarheimild 4. mgr. 122. gr. laga nr. 108/2007, og fresta birtingu upplýsinganna sem lágu fyrir hinn 6. september 2019. Eftir birtingu fréttar Mannlífs hafi skilyrði fyrir frestun skv. ákvæðum 4. mgr. 122. gr. laga nr. 108/2007 ekki lengur verið uppfyllt. Stefnanda hafi þá borið að birta þær eins fljótt og auðið var. Það hafi hann ekki gert heldur frestað birtingu upplýsinganna til 26. september 2019. Með því hafi hann brotið gegn 1. mgr. 122. gr. laga nr. 108/2007. Telur Fjármálaeftirlitið að upplýsingarnar sem birtust í fréttinni hafi verið nægjanlega nákvæmar þannig að trúnaður um þær hafi ekki lengur verið tryggður.

Stefnandi telur að upplýsingar um fyrirhugaðar skipulagsbreytingar og hagræðingaraðgerðir, m.a. með fækkun starfsfólks um á bilinu 80–100 manns sem ræddar voru á fundi stefnanda hinn 6. september 2019 séu innherjaupplýsingar sem rétt hafi verið að fresta birtingu á með heimild í 4. mgr. 122. gr. laga nr. 108/2007 og sendi hann tilkynningu þar að lútandi til Fjármálaeftirlitsins í samræmi við skilyrði ákvæðisins. Er því lagt til grundvallar við úrlausn málsins að þær upplýsingar sem lágu fyrir á fundi stefnanda hinn 6. september 2019 og komu fram í bréfi hans til Fjármálaeftirlitsins um frestun á birtingu þeirra teljist vera innherjaupplýsingar í skilningi 120. gr. laga nr. 108/2007, og að um það sé ekki ágreiningur á milli málsaðila. Þá er einnig óumdeilt á milli aðila að skilyrði fyrir frestun á birtingu sem fram koma í 4. mgr. 122. gr. laga nr. 108/2007 hafi verið uppfyllt þegar stefnandi sendi stefnda tilkynningu um frestun á birtingu innherjaupplýsinga hinn 6. september 2019. Samkvæmt ákvæðinu er útgefanda á eigin ábyrgð heimilt að fresta birtingu innherjaupplýsinga í því skyni að vernda lögmæta hagsmuni útgefandans, svo framarlega

sem frestunin sé ekki líkleg til að villa um fyrir almenningi og útgefandi geti tryggt trúnað um upplýsingarnar.

Um skyldu til birtingar innherjaupplýsinga var mælt fyrir í 1. mgr. 122. gr. laga nr. 108/2007 en þar segir að slíkar upplýsingar skuli birtar eins fljótt og auðið er. Ber að beita reglunni í samræmi við orðanna hljóðan og verður tilkynningarskyldan því sem meginregla virk um leið og innherjaupplýsingar myndast, sbr. dóm Hæstaréttar Íslands 16. desember 2019 í máli nr. 40/2019.

Í 120. gr. laga nr. 108/2007 segir að með innherjaupplýsingum sé átt við nægjanlega tilgreindar upplýsingar sem ekki hafi verið gerðar opinberar og varði beint eða óbeint útgefendur fjármálagerninga, fjármálagerningana sjálfa eða önnur atriði og séu líklegar til að hafa marktæk áhrif á markaðsverð fjármálagerninganna ef opinberar væru. Með heimild í 131. gr. laganna hefur verið sett reglugerð nr. 630/2005 um innherjaupplýsingar og markaðssvik þar sem er að finna nánari skilgreiningu á innherjaupplýsingum. Í 2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar segir að litið skuli svo á að upplýsingar séu nægjanlega tilgreindar ef þær gefa til kynna aðstæður sem eru fyrir hendi eða sem ætla má að verði fyrir hendi eða atburð sem hefur átt sér stað eða sem ætla má að muni eiga sér stað. Þá segir að upplýsingarnar verði þó að vera nægilega nákvæmar til að unnt sé að draga ályktun um möguleg áhrif þeirra aðstæðna eða atburðar á verð fjármálagerninga eða afleiddra fjármálagerninga sem þeim tengjast. Í 3. mgr. sömu greinar segir að innherjaupplýsingar sem væru líklegar til að hafa marktæk áhrif á verð fjármálagerninga eða afleiddra fjármálagerninga sem þeim tengjast, ef þær yrðu gerðar opinberar, séu þær upplýsingar sem líkur eru á að upplýstur fjárfestir noti sem hluta af þeim grunni sem hann byggir fjárfestingarákvarðanir sínar á. Í 5. gr. reglugerðarinnar segir enn fremur að útgefanda beri að fullnægja upplýsingaskyldu sinni án tafar þegar kringumstæður skapast eða atburður á sér stað, jafnvel þó mál séu ekki formlega til lykta leidd. Allar marktækar breytingar á áður birtum innherjaupplýsingum skuli tafarlaust birtar opinberlega með sama hætti og upphaflegu upplýsingarnar.

Stefnandi lítur svo á að honum hafi þrátt fyrir birtingu fréttar Mannlífs að kvöldi sunnudagsins 22. september 2019 verið bæði rétt og skylt í þágu hagsmuna stefnanda að fresta áfram birtingu innherjaupplýsinganna og að skilyrði 4. mgr. 122. gr. laga nr. 108/2007 hafi samkvæmt því áfram verið uppfyllt af hálfu stefnanda.

Í umræddri frétt Mannlífs, sem birtist hinn 22. september 2019, kom efnislega fram að allt að 80 manns yrði sagt upp hjá stefnanda á morgun eða á allra næstu dögum eða fyrir mánaðamótin, að útfærsla skipulagsbreytinganna væri á lokametrunum, að stefnt væri að því að tilkynna um breytingarnar „á morgun“ og að ráðist yrði í umfangsmiklar hópuppsagnir þar sem allt að 10 prósent starfsmanna bankans myndu missa vinnuna fyrir mánaðamótin.

Að mati dómsins verður ekki litið fram hjá því að greindar upplýsingar sem birtust opinberlega á vefsíðu Mannlífs voru í öllum meginefnisatriðum þær sömu og ræddar voru á fundi stefnanda hinn 6. september 2019 og frestað var birtingu á með tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins sama dag, en óumdeilt er að þar var um að ræða upplýsingar sem féllu undir 120. gr. laga nr. 108/2007. Verður því ekki fallist á að fréttin sem birtist á vefmiðlinum Mannlífi hafi ekki verið nægjanlega nákvæm eða hafi ekki tengst þeim innherjaupplýsingum, þar með talið þeim skipulagsbreytingum, sem voru fyrirhugaðar og stefnandi hafði frestað birtingu á. Að mati dómsins er ekki hald í þeim málsástæðum stefnanda að í fréttinni hafi ekki verið minnst á samsetningu þeirra starfsmanna sem segja átti upp eða að nákvæmur fjöldi þeirra hafi ekki verið tilgreindur. Sama gildir um þá málsástæðu að upplýsingar sem birtust á vefmiðlinum hafi í raun verið opinberar þar sem bankastjóri stefnanda hefði áður fjallað opinberlega um þörf á almennum hagræðingaraðgerðum enda hefðu þær upplýsingar verið almenns eðlis. Aðalatriðið er að um raunverulegar upplýsingar var að ræða sem skiptu máli fyrir markaðinn en ekki upplýsingar byggðar á ónákvæmum getgátum vefmiðilsins. Þá er hafnað þeirri málsástæðu að stefnandi hafi verið óskyldur að bregðast við fréttinni nema sannað væri að leikinn sem birtist þar hefði stafað frá stefnanda sjálfum. Þá er ekki fallist á það með stefnanda að taka beri tillit til þess hvaða áhrif fréttin hafði á markaðsaðila enda nægir að innherjaupplýsingar sem komu fram í fréttinni væru líklegar til að hafa marktæk áhrif á markaðsverð fjármálagerninganna ef opinberar væru, sbr. orðalag ákvæðis 120. gr. laga nr. 108/2007, sem hér á við. Þá er einnig hafnað þeirri málsástæðu stefnanda sem ósannaðri að hann hefði orðið óstarfhæfur ef upplýsingarnar hefðu verið birtar um leið og Mannlíf birti þær.

Frestun á birtingu upplýsinganna var á ábyrgð stefnanda, sbr. 4. mgr. 122. gr. laganna, auk þess sem í 6. gr. reglugerðar nr. 630/2005, um innherjaupplýsingar og markaðssvik, er mælt sérstaklega fyrir um skyldur sem hvíla á útgefanda þegar heimild til frestunar er nýtt, en á honum hvílir m.a. skylda til að sjá til þess að gerðar séu ráðstafanir sem veita möguleika á tafarlausri birtingu upplýsinganna í þeim tilvikum þar sem útgefanda er ekki unnt að tryggja trúnað um viðkomandi innherjaupplýsingar, sbr. c-lið 2. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar. Samkvæmt gögnum málsins og því sem fram kom í skýrslum fyrir dóminum er ljóst að engar slíkar undirbúningsráðstafanir höfðu verið gerðar af hálfu stefnanda.

Með skírskotun til þess er að framan greinir er það niðurstaða dómsins að innherjaupplýsingarnar hafi þegar hinn 22. september 2019 verið orðnar nægjanlega tilgreindar og líklegar til að hafa marktæk áhrif á markaðsverðmæti stefnanda. Tilkynningarskylda stefnanda var samkvæmt þessu virk um leið og innherjaupplýsingarnar birtust hinn 22. september 2019. Sú ákvörðun stefnanda að fresta birtingu þeirra í rúma þrjá sólarhringa var því í andstöðu við ákvæði 1. mgr. 122. gr. laga nr. 108/2007. Með vísan til framangreinds er aðalkröfu stefnanda hafnað.

Í varakröfum sínum krefst stefnandi þess að ákvörðun stefnda um álagningu stjórnvaldssektar verði felld úr gildi eða sektarfjárhæðin verði lækkuð verulega.

Með skírskotun til þess er að framan greinir verður ekki fallist á að ákvörðun um stjórnvaldssektina verði felld úr gildi.

Varðandi lækkun sektarfjárhæðarinnar er á því byggt að forsendur Fjármálaeftirlitsins fyrir ákvörðun sektarfjárhæðarinnar hafi verið rangar, þar sem m.a. hafi verið lagt til grundvallar að stefnandi hefði áður gerst sekur um brot á ákvæðum laga nr. 108/2007 sem lokið hefði með álagningu sekta, en auk þess hefði andmælaréttur hans verið virtur að vettugi með því að gefa honum ekki færi á að tjá sig um þessar forsendur stefnda. Þá hafi ranglega verið lagt til grundvallar að brot stefnanda hefði staðið yfir í fjóra daga, í stað 3½ sólarhrings ef rétt er talið. Loks er á því byggt að við ákvörðun sektar hafi hvorki verið gætt jafnræðis né meðalhófs.

Stefndi, lagði í framangreindri ákvörðun sinni stjórnvaldssekt á stefnanda að fjárhæð 87.700.000 krónur, sbr. 36. tölulið 1. mgr. 141. gr. laga nr. 108/2007. Í 3. mgr. 141. gr. laganna segir að sektir á lögaðila geti numið frá 500.000 krónum til 800.000.000 króna en geti þó verið hærri eða allt að 10% af heildarveltu samkvæmt síðasta samþykktu ársreikningi lögaðilans eða 10% af síðasta samþykktu samstæðureikningi ef lögaðili er hluti af samstæðu og brot er framið til hagsbóta fyrir annan lögaðila í samstæðunni eða annar lögaðili í samstæðunni hefur notið hagnaðar af brotinu.

Ákvörðun sekta samkvæmt 3. mgr. 141. gr. laga nr. 108/2007 byggist á heildarmati þátta sem málaefnalegt er að horfa til í viðkomandi máli, þar á meðal þeirra sem tilgreindir eru í ákvæðinu, þ.e. alvarleika brots, hvað það hafi staðið lengi, fyrri brota og fleiri atriða. Innan þeirra sektarmarka sem 3. mgr. 141. gr. setur og meginreglna stjórnarsýsluréttar hefur stefndi svigrúm til að meta hversu háar stjórnvaldssektir skuli lagðar á með hliðsjón af atvikum hvers máls.

Í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins eru rakin þau sjónarmið sem litið var til við ákvörðun sektar í málinu. Kemur fram að litið hafi verið til markmiðs 122. gr. laga nr. 108/2007, að treysta gagnsæi markaðar, jafnræði fjárfesta og heiðarleika í verðbrefaviðskiptum. Útgefanda beri að birta tafarlaust allar innherjaupplýsingar eins fljótt og auðið sé. Er tekið fram að við ákvörðun sektarfjárhæðar hafi einnig verið tekið mið af því að brot stefnanda hefði staðið í fjóra daga og að bankinn hefði tvívegis á síðustu fimm árum gerst sekur um brot á ákvæðum laganna sem hefði lokið með stjórnvaldssekt.

Að virtum gögnum málsins verður ekki fallist á það með stefnanda að við ákvörðun um sektarfjárhæð hafi hvorki verið gætt jafnræðis né meðalhófs. Þá átti stefnandi þess kost að koma að sjónarmiðum sínum varðandi efni málsins áður en Fjármálaeftirlitið tók ákvörðun um sektarfjárhæð. Afstaða hans til efnis málsins lá fyrir, honum hafði verið gefinn kostur á að leggja fram gögn, kynna sér gögn málsins og gæta hagsmuna sinna. Átti stefnandi þess kost að verjast fjárhæð sektar á þeim lagagrundvelli sem áður er rakinn.

Upplýsingar um fyrri ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins í málum stefnanda sem annars vegar var lokið með ákvörðun um greiðslu sektar að fjárhæð 30.000.000 króna og hins vegar með samkomulagi þar sem stefnandi féllst á að greiða sekt að fjárhæð 21.000.000 króna mátti stefnanda vera kunnugt um og því ekki um ný gögn að ræða sem borið hefði að gefa honum færi á að kynna sér og tjá sig um. Er því hafnað að andmælaréttur stefnanda hafi verið virtur að vettugi við meðferð málsins. Þá verður ekki talið að ónákvæm tilgreining Fjármálaeftirlitsins á þeim tíma sem leið frá opinberri birtingu upplýsinganna, fjórir sólarhringar í stað 3½ sólarhrings, hafi þýðingu fyrir niðurstöðu málsins.

Samkvæmt framangreindu er varakröfum stefnanda hafnað.

Að lokum skal tekið fram að þarflaust var að stefna íslenska ríkinu til varnar í málinu, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar Íslands í máli nr. 40/2019.

Eftir úrslitum málsins og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála ber stefnanda að greiða stefndu sameiginlega 1.500.000 krónur í málskostnað.

Arnar Þór Stefánsson lögmaður flutti málið af hálfu stefnanda.

Steinar Þór Guðgeirsson lögmaður flutti málið af hálfu stefndu.

Ragnheiður Snorradóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Seðlabanki Íslands og íslenska ríkið, eru sýknir af öllum kröfum stefnanda, Arion banka hf.

Stefnanda, Arion banka hf., ber að greiða stefndu, Fjármálaeftirlitinu og íslenska ríkinu, sameiginlega 1.500.000 krónur í málskostnað.

Ragnheiður Snorradóttir